

REGLUGERÐ

um vélstjórnarnám.

1. gr.

Vélstjórnarnám skal vera í sem bestu samræmi hvar sem það er veitt í landinu. Kennt skal samkvæmt sömu námskrá og leitast skal við að hafa próf hliðstæð. Til þess að fylgjast með því að ekki komi til misræmi í kennslu milli skóla sem mennta vélstjóra skal ráðuneytið skipa þriggja manna nefnd sem sjái um nauðsynlega samræmingu. Vélskóli Íslands og Vélstjórafélag Íslands skulu tilnefna sinn hvorn fulltrúann í nefndina og ráðuneytið hinn þriðja og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndina skal skipa til þriggja ára í senn.

2. gr.

Heimilt er að skipa náminu í einingar og námsáfanga.

3. gr.

Kennsluár skal miða við tímann frá 1. september til 31. maí.

Á starfstíma skólans skulu próf fara fram.

4. gr.

Um leyfi gilda ákvæði reglugerðar um leyfi í skólum nr. 63/1974.

5. gr.

Kennslan skal fara fram samkvæmt námskrá, sem menntamálaráðuneytið samþykkir, þar skal kveðið á um kennslugreinar og námsefni. Markmið kennslunnar er meðal annars að vekja skilning nemanda á gildi ríkrar ábyrgðartilfinningar og samviskusemi gagnvart sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild. Lögð skal áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu. Kynna skal nemendum mikilvægi þess að nota handbækur og fagtímarit, til að geta brugðist skynsamlega við tæknilegum nýjungum í starfi.

6. gr.

Efla skal tengsl skólans við atvinnulífið sem frekast er unnt, m.a. með því að gefa nemendum kost á því að heimsækja stofnanir, vinnustaði og sýningar undir leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna. Til að efla verklega þjálfun vélstjóranema, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið, er heimilt að fella niður kennslu í allt að vikutíma á vetri hverjum og fái þeir þá verklega þjálfun undir umsjón skólans.

7. gr.

Námsárangur nemenda skal metinn á grundvelli prófa eða annars konar námsmats við lok námsáfanga eða námsannar.

Geti nemandi ekki mætt til prófs sökum veikinda skal hann leggja fram læknisvottorð og hefur skólinn heimild til að gefa honum kost á að ganga undir veikindapróf.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10 og skal vitnisburður miðast við áfanga einvörðungu. Ekki skal reikna meðaleinkunn. Lágmarkseinkunn í áfanga er 5 og heimilar hún framhald náms í næsta áfanga. Að öðru leyti vísast til almennra ákvæða um einkunnagjöf í námskrá framhaldsskóla.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við skólann í einstakar námsgreinar til lokaprófs samkvæmt ósk skólameistara. Í þeim prófum, sem ekki eru skipaðir prófdómarar, skal kennari meta árangur nemenda.

Pegar prófum og mati á þeim er lokið, skal skólinn gefa nemendum kost á að skoða prófúrlausnir og einkunnagjöf kennara. Komi fram skekkja í einkunnagjöf eða mati skal slíkt leiðrétt.

Ef nemandi eða forráðamaður nemanda settir sig ekki við mat og einkunnagjöf skal viðkomandi kera slíkt til skólameistara innan þriggja daga frá prófsýnidegi. Skólameistari hlutast þá til um að skipaður verði prófdómari er endurmetur prófúrlausnir nemandans. Prófdómari skal eiga aðgang að prófúrlausnum annarra nemenda er tóku prófið á sama tíma í skólanum.

9. gr.

Skólameistari hefur yfirumsjón með prófum og sér um framkvæmd þeirra ásamt deildarstjórum og prófstjóra sé hann skipaður. Kennarar skulu hver í sinni kennslugrein sjá um gerð prófverkefna, nema menntamálaráðuneytið ákveði annað.

10. gr.

Pegar próf er tekið skal þess gætt að svo rúmt sé um próftaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli próftaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en próftakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði próftaki uppvis að óleyfilegu framferði í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi í greininni í það sinn og skal vísa honum tafarlaust frá prófi. Þyki próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

11. gr.

Heimilt er að veita utanskólanemanda leyfi til að ganga undir vélstjórnarpróf. Skal þá viðkomandi senda skriflega umsókn um það til skólameistara með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Skólameistari skal að höfðu samráði við skólanefnd úrskurða, hvort umsækjanda sé heimilt að ganga til prófs. Skal hann þá ganga undir sömu próf og fastir nemendur skólans. Utanskólanemendur skulu þó prófaðir sérstaklega í verklegum greinum.

12. gr.

Heimilt er að meta próf frá öðrum skólum fullnægjandi í einstökum áföngum, ef sannreynt er að prófkröfur eru eigi minni í viðkomandi grein en í vélstjórnarnámi.

13. gr.

Nemandi, sem staðist hefur lokapróf 1., 2., 3. og 4. stigs vélstjórnarnáms, skal fá prófskírteini, sem staðfestir árangur hans. Prófskírteini skulu vera samræmd fyrir alla sem útskrifa vélstjóra.

14. gr.

Nemandi, sem lokið hefur vélstjórnarnámi á rétt á að þreyta sveinspróf í vélsmíði með aflvélar, frystivélar eða vökva- og loftkerfi sem sérgrein, hafi hann aflað sér viðbótarþjálfunar og menntunar samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Nemandi sem lokið hefur 4. stigi vélstjórnarnáms, skal ljúka 19 mánaða starfsþjálfunarnámi á námssamningi hjá viðurkenndu málmiðnaðarfyrirtæki.

- b. Nemandi, sem lokið hefur 3. stigi vélstjórnarnáms, skal ljúka 21 mánaða starfsþjálfunarnámi á námssamningi hjá viðurkenndu málmiðnaðarfyrirtæki og auk þess skólanámi í bókhaldi, verkáætlanagerð og áhalda- og vinnslufræði.
- c. Nemandi, sem lokið hefur 2. stigi vélstjórnarnáms skal ljúka 23 mánaða námi á námssamningi hjá viðurkenndu málmiðnaðarfyrirtæki og að auki 4 mánaða námi í iðnfræðsluskóla í ýmsum námsgreinum í vélsmíði sem ólokið er í 2. stigs vélstjórnarnámi.

Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar sérhæfingasviðs vélsmíðanáms, þ.e. aflvéla, frystivéla og vökva- og loftkerfa, þannig að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararskírteini iðnfræðsluskóla í vélsmíði og rennismíði fyrir þá sem staðist hafa öll prófin. Að því er varðar sérgreinar iðnvélavirkjunar og rennismíði skal skólinn kenna séráfanga greinanna, þegar nemendafjöldi gefur tilefni til þess.

15. gr.

Vélskóli Íslands skal eftir því sem unnt er halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra til þess að tryggja nauðsynlega þekkingu þeirra, og jafnframt standa fyrir sérstöku viðbótarnámi á sérsviði vélstjórnargreina þegar nauðsynlegt er talið að veita það og fé til þess veitt. Skólanum skal heimilt að ráða sérstakan mann til að skipuleggja endurmenntunina í samráði við Vélstjórafélag Íslands, samtök atvinnurekenda og hagsmunaaðila og sjá um framkvæmd hennar. Stefnt skal að því að afla skólanum búnaðar og fræðsluefnis svo að hann geti sinnt þessu verkefni á viðeigandi hátt.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1985 um vélstjórnarnám og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vélstjórnarnám nr. 7/1982.

Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sólrún Jensdóttir.

Nr. 217

REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X. og
Alexandrine drottningar, árið 1987.**

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbanki nr. 5268706	kr. 22 770
Vextir	kr. 6 066
	kr. 28 836

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1988.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.